From: Jóhanna Sigurjónsdóttir
Sent: Mon, 12 Oct 2026 14:57:26 +0000
To: skeidgnup@skeidgnup.is
Subject: Viðmið um sjálfbæra þróun sveitarfélaga

Ágæta sveitarstjórn

Innviðaráðuneytið hefur birt tillögur um viðmið um sjálfbæra þróun sveitarfélaga í samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar. Í tillögunum eru sett fram 30 mælikvarðar og skilgreind viðmið sem gefa til kynna hvort sveitarfélög hafi nauðsynlegar forsendur til að þróast með sjálfbærum hætti til lengri tíma. Vonir standa til að viðmiðin og mælaborðið nýtist sem leiðsögn og tæki fyrir gagnadrifna stefnumótun og ákvarðanatöku fyrir sveitarfélög til langs tíma.

Hægt er að senda inn umsögn til og með 13. nóvember nk.

Ráðuneytið hefur einnig útbúið mælaborð fyrir sveitarfélögin þar sem fulltrúar þeirra geta sett inn upplýsingar um sitt sveitarfélag og fá þá yfirlit yfir hvar það stendur út frá framangreindum viðmiðum um sjálfbæra þróun sveitarfélaga. Hlekkur á mælaborð ykkar er hér.

Vakin er athygli á því að viðmið um sjálfbæra þróun sveitarfélaga voru kynnt á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 9. október sl. en samkvæmt upplýsingum á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga verður upptaka frá ráðstefnunni aðgengileg.

Sjá einnig tilkynningu á vef ráðuneytisins.

Bestu kveðjur,
Jóhanna Sigurjónsdóttir

Jóhanna Sigurjónsdóttir
verkefnastjóri / Project Manager
Skrifstofa sveitarfélaga, stafrænna innviða og byggðamála / Department of Local Government, Digital Infrastructure and Regional Affairs
Innviðaráðuneytið / Ministry of Infrastructure
Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavik, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8200
www.irn.is - Fyrirvari/Disclaimer

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing